

67. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 5. október 2018 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Ásta Elefsen, Berglind Kristinsdóttir, ásamt Eggerti Sólberg Jónssyni sem ritaði fundargerð.

Ísak Ernir Kristinsson, Guðjón Skúlason og Brynhildur Kristjánsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. *Tölvupóstur dags.17.september 2018 frá Ferðamálastofu vegna úthlutunar fjármuna.* Í framhaldi af síðasta stjórnarfundu óskaði stjórn MR eftir upplýsingum um hvernig úthlutun verkefnastyrkja hafið fram.

Eftirfarandi svör bárust frá Ferðamálastofu:

- **Hvernig var staðið að auglýsingu styrkjanna, hverjum var gefinn kostur á að sækja um og hvernig var orðalagið?** Þetta var ekki auglýst annan hátt en að MAS var sendur póstur í kringum 11. apríl.
- **Hvaða tímafrestir voru gefnir í auglýsingunni?** Óskuðum eftir að tillögum yrði skilað sem fyrst eftir að umræddur póstur var sendur út.
- **Hver samþykkti úthlutunarreglurnar og hvenær?** Ferðamálastjóri, forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs og starfsmaður sem sem annars samskipti við markaðsstofur.
- **Hver samþykkti skorblöðin og hvenær?** Eiginleg skorblöð voru ekki gerð, horft til þeirra þátta sem komu fram í umræddum tölvupósti.
- **Hverjir sátu í úthlutunarnefndinni?** Ferðamálastjóri, forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs og starfsmaður sem sem annars samskipti við markaðsstofur.
- **Er hægt að nálgast fundargerðir úthlutunarnefndarinnar?** Héldum ekki fundargerð.
- **Hvernig litu skorblöðin út og hvert var vægi hvers þátta sem hafður var til hliðsjónar í stigagjöfinni?** Eiginleg skorblöð voru ekki gerð, horft til þeirra þátta sem komu fram í umræddum tölvupósti.

Okkur vantar jafnframt upplýsingar um kæruleið og kærufrest. Hægt er að kvarta til Ferðamála,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra með þessar ákvarðanir eins og allar aðrar sem teknar eru hjá stofnuninni.

Markaðsstofa Reykjaness hafði einnig skilað inn stjórnsýslukæru vegna fyrri ákvörðunar Ferðastofustofu um úthlutun grunnfjármagns til rekstur Markaðsstofu Reykjaness.

Stjórnin gerir athugasemd við málsmeðferð á úthlutun styrkja til svæðisbundinnar þróunar. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu var engu úthlutað til Markaðsstofu Reykjaness af 107 milljónum. Samkvæmt svörum stofnunarinnar voru umsóknir af svæðinu góðar en Ferðamálastofa tók ákvörðun um að úthluta ekki neinu fjármagni til Suðurnesja. Enn á ný er gengið fram hjá svæðinu þegar kemur að úthlutun opinberra fjármuna. Framkvæmdastjóra falið að koma á framfæri athugasemdum vegna málsmeðferðar og úthlutunar Ferðamálastofu.

2. *Drög að viðbragðsáætlun stjórnvalda og ferðaþjónustuaðila á neyðartímum. Höfundur Ferðamálastofa.*


Lagt fram. Púriður Halldóra Aradóttir Braun hefur verið skipuð í nefndina af Ferðamálastofu.

3. *Staða verkefna Heklungar skv. starfsáætlun.*

Lagt fram. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

4. *Atvinnuleysistölur.*

Atvinnuleysistölur - Suðurnes, ágúst 2018				
	júl.18	ágú.18	kvk.	kk.
Heildarfjöldi:	435	461	218	243
Reykjanesbær	331	346	156	190
Sandgerði og Garður	46	54	32	22
Vogar	26	27	13	14
Grindavík	32	34	17	17



Lengd atvinnuleysis	apr.18	maí.18	jún.18	júl.18	ágú.18
0-6 mán (skammtíma)	234	222	224	229	233
6-12 mán (langtíma)	104	110	109	124	134
meira en ár (langtíma)	78	79	82	82	94
Alls	416	411	415	435	461

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Vinnumarkaðsráð Suðurnesja með það að markmiði að greina stöðu atvinnuleitenda á Suðurnesjum.

5. *Önnur mál.*

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12:10